

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 153/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/169 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramik í tilteknum þéttum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/170 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramíkiefnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni fyrir tiltekna þetta, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/171 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/172 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/173 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý og kadmíum í prentbleki til að setja smeltlakk á gler, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/174 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem er bundið í kristalglari eins og skilgreint er í tilskipun 69/493/EBE, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/175 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 17.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 20.

Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í tilteknum geislarörperum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁷⁾.

- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/176 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmhúðunarlagi í tilteknum díóðum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/177 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem örvara í flúrljómandi dufti í úrhleðsluperum sem innihalda fosfór, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/178 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í legum og fódringum sem eru notaðar í tiltekinn búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁰⁾.
- 11) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „- **32019 L 0169:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/169 frá 16. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 33, 18.5.2018, bls. 5),
- **32019 L 0170:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/170 frá 16. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 8),
- **32019 L 0171:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/171 frá 16. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 11),
- **32019 L 0172:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/172 frá 16. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 14),
- **32019 L 0173:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/173 frá 16. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 17),
- **32019 L 0174:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/174 frá 16. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 20),
- **32019 L 0175:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/175 frá 16. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 23),
- **32019 L 0176:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/176 frá 16. nóvember (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 26),
- **32019 L 0177:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/177 frá 16. nóvember (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 29),

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 23.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 26.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 29.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 32.

- **32019 L 0178:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/178 frá 16. nóvember (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2019/169, (ESB) 2019/170, (ESB) 2019/171, (ESB) 2019/172, (ESB) 2019/173, (ESB) 2019/174, (ESB) 2019/175, (ESB) 2019/176, (ESB) 2019/177 og (ESB) 2019/178, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.